

Kjarasamningur í fáum orðum samkomulag við ríkissjóð



Hvernig breytast launin míð?

- | | |
|----------------|---|
| 1. apríl 2019 | » Laun hækka um 17.000 kr. |
| 1. apríl 2020 | » Laun hækka um 24.000 kr. í launaflokkum 1-15 og um 18.000 í hærri launaflokkum. |
| 1. janúar 2021 | » Laun hækka um 24.000 kr. í launaflokkum 1-15 og um 15.750 í hærri launaflokkum. |
| 1. janúar 2022 | » Laun hækka um 25.000 kr. í launaflokkum 1-15 og um 17.250 í hærri launaflokkum. |

Orlofs- og desemberuppbætur

Árið 2019	» orlofsuppbót	50.000 kr.	Árið 2021	» orlofsuppbót	52.000 kr.
1. desember 2019	» desemberuppbót	92.000 kr.	1. desember 2021	» desemberuppbót	96.000 kr.
Árið 2020	» orlofsuppbót	51.000 kr.	1. maí 2022	» orlofsuppbót	53.000 kr.
1. desember 2020	» desemberuppbót	94.000 kr.	1. desember 2022	» desemberuppbót	98.000 kr.



Styttri vinnuvika

Stytting vinnuvíkunnar getur náð allt 4 stundum á viku fyrir dagvinnufólk í 100% starfshlutfalli. Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttaði hlutfallslega. Þeir sem vinna þrískiptar vaktir geta stytt sinn vinnutíma um allt að 8 stundir.

Nánari umfjöllun um vinnutímastyttingu er að finna á heimasiðu Kjalar, kjolur.is



Breyting yfirvinnu

Yfirvinna er greidd með tímakaupi fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku og skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum. Ákvæðið tekur gildi 1. júní 2020.



Laun í ferðum með skjólstæðinga

Eitt af mörgum sérmálum sem kjarasamningurinn nær til eru laun starfsmanna sem þurfa að fylgja skjólstæðingum á ferðalögum og annast hann. Með nýjum samningi náðist í gegn að greitt skal fyrir allan sólarhringinn meðan á ferð stendur.



Lengra sumarfrí

Orlofsdagar þeirra sem eru í fullu starfi verða 30 og hlutfallslega hjá þeim sem vinna hlutastarf. Ákvæðið tekur gildi 1. maí 2020 og því geta allir notið lengra sumarleyfis sumarið 2021.



Kynningarefni á kjolur.is

Kynningarefni vegna samkomulags Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu við ríkissjóð má lesa á heimasiðu Kjalar, kjolur.is.

Rafræn atkvæðagreiðsla til 23. mars

Vegna faraldurs Covid-19 veirunnar er kynning kjarasamningsins fyrst og fremst með rafrænum hætti en rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn stendur til kl. 10, mánudaginn 23. mars næstkomandi. Tengill á atkvæðagreiðslusíðuna er á heimasiðu Kjalar, kjolur.is.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að nýta atkvæðisrétt sinn.

